



Háskólinn
á Akureyri

Fundargerð háskólaráðs

303. fundur daginn 13. apríl 2011
í fundaherbergi 262, Borgum, kl. 12.15 – 14.55

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 12.45.

Mættir voru auk hans:

Óskar Þór Vilhjálmsson varafulltrúi háskólasamfélagsins
Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins
Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra
Páll Skúlason fulltrúi háskólaráðs
Jóna Jónsdóttir varafulltrúi háskólaráðs
Sveinn Arnarson fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Bragi Guðmundsson formaður dómnefndar HA
Guðrún Rós Þórsteinsdóttir forstöðumaður RHA

Rektor kynnti dagskrá.

1. **Fundargerð síðasta fundar**

1008040

Fundargerðin var borin upp og samþykkt.

2. **Rekstraryfirlit janúar-mars 2011**

1008042

Úlfar dreifði yfirlitini og útskýrði það. Rekstur kennsludeilda er 184.911 mkr. eða 26.91% af áætlun, en viðmiðið er 25.00%. Rekstur stoðþjónustu er 126.584 mkr. eða 21.27% af áætlun. Rekstur ýmissa verkefna er 1.945 mkr. og rekstur stofnana og setra með eigin tekjur er 35.364 mkr.

Úlfar skýrði út helstu frávik frá áætlun. Rekstur hug- og félagsvíndasviðs er umfram áætlun að þessu sinni vegna greiðslna fyrir vettvangsnám kennaranema. Rekstur viðskipta- og raunvíndasviðs er enn umfram áætlun.

Háskólaráði var gerð grein fyrir ástæðum þess að kostnaður við auðlindadeild er meiri en samþykkt rekstraráætlun gerir ráð fyrir. Það stafar að miklu leyti af því að nauðsynlegt reyndist að hafa námsframboð í umhverfis- og orkufræði meira en ráð var fyrir gert. Fleira kemur þó til, og sagði rektor að reynt yrði til hins ítrasta að draga úr kostnaði við rekstur sviðsins umfram samþykktu áætlun. Stefnt er að því að rekstrarniðurstaða ársins fyrir háskólann í heild verði í samræmi við áætlun.

Varðandi rekstrarhorfur fyrir árið 2012 minnti Ólafur á að samningur við starfsfólk um launalækkanir til tveggja ára rennur út um næstu áramót. Rektor gat þess einnig að stefnt væri að því að taka aftur upp rannsóknamiðsíðu 2012, og þá með breyttu sniði til samræmis við reglur um rannsóknamiðsíðu ýmissa annarra háskóla.

SK

HE
2. 4. 2011
SRS.

**3. Reglur um veitingu viðurkenningar til starfsmanna HA, endurskoðaðar 2011
1103113**

Rektor gerði grein fyrir í hverju breytingarnar felast. Þær eru:

- Annað hvert ár er veitt viðurkenning fyrir afburða frammistöðu í starfi sem eykur gæði náms og kennslu, þar með talið hvernig kennara tekst að sambætta kennslu og rannsóknir*)
- Viðurkenningarupphæðin getur numið allt að 50.000 kr.
- Kennslusvið og FSHA skila sameiginlegum tilnefningum að verðlaunaveitingu til viðurkenningarnefndar HA þau ár sem verðlaunað er fyrir gæðaumbætur eða framúrskarandi árangur í kennslu, og gæðaráð og FSHA skila tilnefningum þegar veitt eru verðlaun fyrir gæðaumbætur eða framúrskarandi árangur á öðrum sviðum en kennslu og rannsóknum
- Tilnefningum til viðurkenningarnefndar skal skilað fyrir 15. apríl ár hvert
- Viðurkenningarnefnd skal skila störfum eigi síðar en 1. júní ár hvert.

Háskólaráð samþykkti reglubreytingarnar með einni orðalagsbreytingu:

*)verður: „til að mynda hvernig kennara tekst að sambætta kennslu og rannsóknir.“

4. Dómnefndarálit, Hilmar Þór Hilmarsson

1010016

Bragi kom á fundinn og bauð rektor hann velkominn.

Rektor lagði til að málínu yrði frestað þar til stigamat fyrir árið 2010 liggur fyrir og var það samþykkt.

5. Dómnefndarálit, Sólveig Ása Árnadóttir

1012058

Bragi gerði grein fyrir álíti dómnefndar. Dómnefndin telur að Sólveig Ása sé hæf til að hljóta framgang lektor-dósent. Háskólaráð staðfesti álit dómnefndar einróma.

6. Starfsemi Rannsókna- og þróunarmiðstöðvar HA – RHA, kynning

Guðrún Rósa kom á fundinn og bauð rektor hana velkomna. Guðrún Rósa þakkaði fyrir að vera boðin á fund háskólaráðs. Kynnti hún síðan starfsemi RHA með glærum og dreifði þeim einnig.

Í málí hennar kom fram hvernig rekstri RHA er háttað. Sagði hún frá helstu áherslum í starfseminni, margvíslegum viðfangsefnum RHA og gerði nánar grein fyrir nokkrum þjónusturannsóknum og alþjóðlegum verkefnum sem RHA er aðili að eða leiðir.

Einnig sagði hún frá Stjórnsýslu rannsókna sem er hýst hjá RHA og verkefnum hennar, m.a. þátttöku í samstarfi um sameiginlegt stigamat fyrir opinbera háskóla. Guðrún Rósa nefndi ýmsa sjóði sem RHA umsýstrar og sagði frá helstu samstarsstofnum RHA sem eru m.a. staðsettar á Borgum.

Rektor þakkaði Guðrúnu Rósu fyrir kynninguna og fór hún af fundinum.

7. **Önnur mál**

Rektor sagði frá því að samvinna ríkisháskólanna um vinnumat er byrjað og stefnt er að því að sameiginlegar reglur um ráðningar og framgang taki gildi 1. nóv. 2011. Þangað til starfar dómnefnd HA að þeim málum.

Breytingar á Reglum fyrir háskólann á Akureyri nr. 387/2009
málsnúmer 1104094

Háskólaráð samþykkti að breyta 8. gr. reglnanna í samræmi við reglur um gæðaráð HA sem samþykktar voru í háskólaráði 9. mars 2011.

Samþykkt var að 8. gr. skyldi hljóða svo:

„Gæðaráð.

Við háskólann starfar gæðaráð sem ber ábyrgð á framkvæmd gæðakerfis skólans. Í gæðaráði sitja rektor í forsæti, forsetar skóla og fræðasviða, framkvæmdastjóri, gæðastjóri, forstöðumaður kennslusviðs, auk tveggja fulltrúa sem Félag stúdenta við Háskólann á Akureyri tilnefnir og tveggja fulltrúa sem starfsmenn tilnefna. Háskólaráð skal setja nánari reglur um hlutverk og skipan gæðaráðs og um gæðastjóra.“

Rektor sagði frá því að í tillögu að breytingu á lögum um opinbera háskóla kemur fram krafa um doktorspróf við nýráðningar í stöður lektora, dósenta og professora. Ákvæðið verður ekki afturvirkt. Dómnefnd getur þó metið aðra þætti á við doktorspróf og taldi háskólaráð það vera jákvætt.

Kristín sagði frá því að stofnanir sem leigja á Borgum vilja sameinast um að freista þess að fá lækkaða leigu sem er nú 4.300 kr. pr. m² með þjónustu.
Rektor sagði að HA myndi taka þátt í þessu með stofnununum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.55.

The image shows five handwritten signatures stacked vertically. From top to bottom, the signatures are: 1) "Jón Ólafur Þorsteinsson", 2) "Jón Jónsdóttir", 3) "Kristín Þastgeirsdóttir", 4) "Guðrún Arnarsdóttir", and 5) "Sigríður B. Guðmundsson".